



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjölda barna undir framfærsluviðmiðum velferðarráðuneytisins - R18070035

Þann 5. júlí 2018 var lögð fram í borgarráði svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

„Hvað búa mörg börn í Reykjavík undir fátæktarmörkum þ.e. undir framfærsluviðmiði velferðarráðuneytis?“

Svar:

Á tímabilinu janúar-maí 2018 voru börn þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu samtals 489 eða tæplega 2 % af öllum börnum 17 ára og yngri í Reykjavík. Heildarfjöldi barna þeirra sem fá fjárhagsaðstoð af einhverju tagi frá Reykjavíkurborg, að meðtöldum þeim sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu, voru samtals 784, eða 2,9% af öllum börnum 17 ára og yngri í Reykjavík.

Í töflu 1 eru upplýsingar um börn þeirra foreldra sem eingöngu fá fjárhagsaðstoð til framfærslu, skipt eftir þjónustumiðstöð. Í töflu 2 að neðan eru upplýsingar um fjölda barna foreldra með fjárhagsaðstoð af einhverju tagi hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar á umræddu tímabili skipt eftir þjónustumiðstöð.

Tafla 1. Fjöldi barna skipt eftir þjónustumiðstöðvum og fjölda barna per foreldra með framfærslu.

Þjónustumiðstöð	Fjöldi barna						Samtals:	
	Eitt	Tvö	Þrjú	Fjögur	Fimm	Sex	Foreldrar	Börn
Vesturbær, Miðb. og Hlíðar	38	13	12	1	1	0	65	109
Laugardalur og Háaleiti	43	25	5	1	0	0	74	112
Breiðholt	38	31	15	2	0	0	86	153
Árbær og Grafarholt	17	8	2	4	1	0	32	60
Grafarvogur og Kjalarnes	14	7	7	0	0	1	29	55
Samtals:	150	84	41	8	2	1	286	489

Tafla 2. Fjöldi barna skipt eftir þjónustumiðstöðvum og fjölda barna per foreldra með fjárhagsaðstoð.

Þjónustumiðstöð	Fjöldi barna					Sex	Samtals	
	Eitt	Tvö	Þrjú	Fjögur	Fimm		Foreldrar	Börn
Vesturbær, Miðb. og Hlíðar	58	24	22	1	1	0	106	181
Laugardalur og Háaleiti	73	41	10	2	0	0	126	193
Breiðholt	63	40	21	3	0	0	127	218
Árbær og Grafarholt	36	20	4	4	1	0	65	109
Grafarvogur og Kjalarnes	23	12	10	0	0	1	46	83
Samtals:	253	137	67	10	2	1	470	784

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur eingöngu upplýsingar um fjárhagsstöðu þeirra reykvísku fjölskyldna sem eru notendur fjárhagsaðstoðar. Rétt á fjárhagsaðstoð eiga þeir sem hafa tekjur og eignir undir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Fjárhagsaðstoð til framfærslu getur verið allt að 189.875 kr. á mánuði og 284.813 kr. á mánuði til hjóna eða fólks í sambúð en aðstoðin er óháð barnafjölda þar sem reiknað er með að barnabætur, meðlög og barnalífeyrir mæti kostnaði vegna barna. Þá er einnig heimilt að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð s.s. greiðslu leikskólagjalda, tómstunda barna, námskostnað o.fl. vegna sérstakra aðstæðna.

Þegar litið er til viðmiða velferðarráðuneytis, sem gerir ráð fyrir því að neysluviðmið (skv. reiknivél á heimasíðu) fyrir einstætt foreldri með 1 barn á framfæri, í leikskóla, sé 302.372 kr. án húsnæðiskostnaðar og fyrir einstætt foreldri með tvö börn á framfæri, annað í leikskóla og hitt í grunnskóla, sé 382.631 kr. án húsnæðiskostnaðar (sem má reikna með að sé að lágmarki 100.000 kr. til viðbótar að teknu tilliti til húsnæðisbóta) má leiða að því líkum að fleiri reykvísk börn en þeirra foreldra sem eru á fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg séu undir fátæktarviðmiðum. Þetta fær stoð í skýrslu UNICEF frá 2016, um börn sem líða efnislegan skort á Íslandi, en samkvæmt henni voru 9,1% íslenskra barna sem liðu skort árið 2014.

Í kjölfar útkomu skýrslunnar á sínum tíma óskaði velferðarráð eftir sundurgreiningu gagnanna fyrir Reykjavík en það reyndist ekki unnt. Af þeim sökum óskaði velferðarráð eftir að velferðarsvið framkvæmdi rannsókn á aðstæðum reykvískra barna sem byggju við fátækt. Eftir nánari kostnaðar- og þarfagreiningu sviðsins var ákveðið að fara í samstarf við velferðarráðuneytið um rannsókn á umfangi og eðli fátæktar meðal barnafjölskyldna á Íslandi, sem yrði endurtekin á landsvísi á fjögurra ára fresti og notuð sem mælaborð ríkis og sveitarfélaga varðandi fátækt meðal barna. Rannsóknin er unnin af Hagstofu Íslands í samvinnu við UNICEF. Hluti af rannsókninni snýst um að þróa tölfræði um barnafátækt á Íslandi sem greina má niður á landsvæði. Hagstofan hefur lokið skilgreiningarvinnu vegna vísa um barnafátækt sem gefa betri mynd en áður reyndist unnt. Gögnin verða tilbúin til greiningar nú um áramótin 2018/2019, en beðið er eftir tekjuupplýsingum frá Ríkisskattstjóra við að greina gögnin.

Vert er að taka fram að auk ofangreindrar rannsóknar óskaði velferðarsvið eftir samvinnu við Rannsóknarsetur í barna og fjölskylduvernd og félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands um eiginlega rannsókn á reynslu af fátækt meðal barna notenda fjárhagsaðstoðar. Niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar í velferðarráði í haust.

Virðingarfyllst

Regína Ásvaldsdóttir

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri